

		í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar á	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar á	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	8	pottar á	30	00	450 00 375
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund á	»	»	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns	10	pund á	»	»	»
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns	10	pund á	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns	10	pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit		hvert á	»	»	»
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á	550 00	3300 00	2750	
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	pundið á	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	10	pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum	10	pund á	200 00	9600 00	8000
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	á	180 00	»	»	3600
43.	— 1 lambsfóður	á	240 00	»	»	4800
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaúrum verður:						
Eftir A. eða í friðu				3275	55	2730
Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg				1590	00	1325
Eftir C. eða í ullartóvöru				»	»	»
Eftir D. eða í fiski				2295	00	1912
Eftir E. eða í lýsi				450	00	375
Eftir F. eða í skinnavöru				»	»	»
En meðalverð allra landaúra samantalið				7610	55	6342
og skipt með 4 sýnir:						
Meðalverð allra meðalverða				1902	64	1586

Skrifstofu Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, 10. janúar 1959.

F. h. yfirskattaneðndar.

Jóhann Skaptason.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1959.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Kristján Thorlacius.

- 112** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Inga Þ. Gíslasonar, 6. ágúst kennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. ágúst 1959. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Inga Þ. Gíslasonar, kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Inga Þ. Gíslasonar, kennara. Er hann stofnaður af framlögum kennara og nemenda Verzlunarskóla Íslands, framlagi Verzlunarráðs Íslands svo og öðrum minningargjöfum og nemur nú kr. 13217.91. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má auka með tillögum, en aldrei skerða. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir í skólaskýrslu Verzlunarskóla Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að prýða húsakynni og samkomusal Verzlunarskóla Íslands, einkum með því að kaupa listaverk eftir viðurkennda íslenska listamenn, þegar sjóðurinn að dómi skólanefndar og skólastjóra er þess megnugur. Í þessum tilgangi má verja $\frac{2}{3}$ af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{3}$ ársvaxta ásamt öðrum tekjum sjóðsins, svo sem gjöfum, áheitum o. fl. leggjast við höfuðstól.

4. gr.

Val listaverka annist þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti: skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af stjórn Nemendasambands Verzlunarskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af systkinum Inga Þ. Gíslasonar, meðan þau eru á lífi, en síðan einhver ættingi Inga Þ. Gíslasonar, sem skólanefnd Verzlunarskóla Íslands tilnefnir. Skólastjóri sé formaður þessarar nefndar.

5. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

6. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í Stjórnartíðindum.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Sauðárkrókskaupstað.

113

26. ágúst

1. gr.

Til bæjarsjóðs Sauðárkróks skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lög-sagnarumdæmi Sauðárkróksbæjar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum 1%.
3. Af túnnum, görðum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er, skal sleppa og ná fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema ef um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatt samkv. reglugerð þessari er 1. júlí ár hvert, en í fyrsta sinn 1. sept. 1959. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-sjóðs Sauðárkróks aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús og elliheimili.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami for-gangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögteki.

- 113** 26. ágúst Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1954, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Helgi Helgason.

- 114** 28. ágúst

AUGLÝSING

um nýja Lyfsöluskrá I.

Ákveðið hefur verið að Lyfsöluskrá I, er samkvæmt texta hennar átti að ganga í gildi 1. september 1959, skuli ganga í gildi 15. september 1959. Jafnframt fellur úr gildi Lyfsöluskrá I frá 1. janúar 1956 með áorðnum breytingum.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 28. ágúst 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Ragnar Bjarkan.

- 115** 9. sept.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með heimild í athugasemdarákvæði við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og sams konar heimild í upphafi XV. flokks tollskrárinnar, hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

			Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	3a	Umbúðablöð úr plasti, ólituð, með áletrun, sem ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir	Toll- eining 1 kg	7 8
	6b	Vatnsleiðslupípur úr plasti	—	7 10
	c	Þéttilistar úr plasti, til lokunar á þensluraufar	—	7 10
	11a	Netjakúlur úr plasti	—	2 2
	b	Flöskur úr plasti	—	2 10
	d	Plastúrgangur	—	7 8
66	11a	Túbur úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	—	7 8
	c	Lestarbörð úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	—	7 8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 66/1958, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl. Greiða skal 24.2%, en ekki 44% innflutningsgjald af flöskum úr plasti.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsinga nr. 77/1957 og nr. 122/1958, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 9. september 1959.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzone.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

116

10. sept.

um skyldusparnað.

1. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Skyldusparnaðurinn hefst við næstu mánaðarmót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðarmót eftir að hann verður 26 ára.

2. gr.

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðar en síðasta dag febrúar-mánaðar ár hvert, vegna slíkra tekna á næsta ári á undan. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miðað við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekju-skatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

3. gr.

Póststjórnin gefur út sparimerki og sparimerkjabækur. Félagsmálaráðuneytið ákveður verðgildi sparimerkja.

Sparimerkjabók skal vera í líku formi og tékkhefti, þannig að hverju blaði bókarinnar, sem vera skal með riflínu, fylgi fastur stofn. Á stofni hvers blaðs, skal vera kvittana- og vottorðseyðublað, en sparimerki skal líma á hinn hluta blaðsins í áframhaldandi láréttar raðir og skal jafnan nota sem fæst merki. Á þeim hluta blaðsins, sem sparimerki skal líma á, skal vera eyðublað fyrir vottorð póstmanns, sbr. 7. og 8. gr. Í vottorði þessu skal greina nr. sparimerkjabókar, nafn bókar eiganda, heimilisfang hans, hvort sparimerki hafi verið greidd samkvæmt undanþágu, og heimildar þá getið. Loks skal vera yfirlýsing póstmanns um, að hann hafi sjálfur rífið sparimerkjablaðið úr bókinni.

Á titilblað bókarinnar skal eigandi hennar rita nafn sitt, heimili, fæðingardag og ár, þegar hann fær bókina hjá pósmanni og í viðurvist hans. Í sparimerkjabók skulu vera leiðbeiningar varðandi notkun hennar, svo og eyðublað fyrir vottorð um undanþágu frá sparnaðarskyldu. Sparimerkjabækur skulu vera tölusettar í áframhaldandi töluröð.

4. gr.

Sparimerki skulu vera til sölu og sparimerkjabækur til afhendingar ókeypis í öllum póststofum og póstaðgreiðslum.

Pósthús skulu gefa ókeypis kvittun fyrir sparimerkjakaupum, stílaða á nafn kaupanda. Kvittun skal vera í þríriti. Skal póststjórninni sent eitt afrit og einu heldur pósthúsið eftir. Pósthús þessi skulu halda skrá í tvíriti yfir þá, sem fengið hafa sparimerkjabækur og skal sá, sem fengið hefur slíka bók, kvitta fyrir móttöku hennar á skrána. Á skrána skal færa nafn bókar eiganda, heimili hans, fæðingardag og ár, svo og tölusetningu bókarinnar.

Nú þarf bókar eigandi að fá nýja bók og skal hún þá bera sömu tölusetningu og fyrri bók eða bækur hans.

5. gr.

Undanþegnir skyldusparnaði eru:

- a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili;
- b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám;
- c. unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu;
- d. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þúsund krónur skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Nú hefur maður, sem er undanþeginn sparnaðarskyldu, afhent sparimerki sín, samkv. 7. gr., og geta þá undirskattanefndir heimilað endurgreiðslu slíkra merkja til hans.

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Úrskurði undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Sá sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt þessari grein, skal þó fá tilskilinn hluta launa sinna greiddan í sparimerkjum, sbr. 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, en sparimerki fær hann greidd hjá næsta pósthúsi, sem selur sparimerki, sbr. 8. gr.

6. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr., getur snúið sér til lögreglustjóra eða hreppstjóra í heimilissveit sinni og fengið vottorð hans um, að hann sé um lengri eða skemmri tíma undanþeginn skyldusparnaði. Vottorðið skal fært á þar til gert eyðublað í sparimerkjabók, sbr. 3. gr. 2. mgr.

Ef bókareigandi er giftur og hefur stofnað heimili, skal hann framvísa gift-ingarvottorði sínu. Sé hann námsmaður, skal hann leggja fram vottorð skólustjóra um, að hann hafi stundað skólanám í 6 mánuði eða lengur á því almanaksári, sem tekjurnar falla til á. Iðnnemar skulu framvísa námssamningi, staðfestum af lögreglustjóra.

Unglingar í sveitum, sem undanþegnir eru, sbr. c.-lið 5. gr., skulu sanna undanþáguheimild sína með vottorði frá skattanefnd.

Útlendingar skulu sanna fyrirhugaða brottför sína með því að framvísa farseðli sínum til útlanda.

Þeir, sem hafi á framfæri sínu börn eða aðra skylduómaga, sbr. d-lið 5. gr., skulu framvísa vottorði undirskattanefndar eða skattstjóra. Sama gildir, er um er að ræða undanþágu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. nema ákvörðun undirskattanefndar eða skattstjóra hafi verið áfrýjað, þá skal framvísa ráðuneytisbréfi um undanþáguna. Eftir að hafa athugað hvort hlutaðeigandi bókareigandi á rétt til undanþágu frá skyldusparnaði, samkvæmt framlögðum gögnum, ritar lögreglustjóri eða hreppstjóri vottorð um undanþáguna í sparimerkjabókina. Jafnframt skal hann auðkenna þau sparimerki, sem vera kunna í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns, og undanþágan tekur ekki til, með stimpli sínum eða með upphafsstöfum sínum, ef stimpill er ekki fyrir hendi.

7. gr.

Hver sá, sem skyldaður er til sparnaðar, samkvæmt reglugerð þessari, getur snúið sér til næsta pósthúss, sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði og framvísað þar sparimerkjabók sinni og óskað þess, að póstaðgreiðslumaður rífi úr bókinni blöð þau, sem eru með álimdum sparimerkjum.

Jafnan skal tæma sparimerkjabækur um hver áramót, og þó ekki síðar en 10. janúar ár hvert.

Póstmaður sá, er við bókinni tekur skal rífa umrædd sparimerkjablöð úr bók- **116**
inni og rita á stofn blaðanna kvittun fyrir móttöku merkjanna. Jafnframt skal hann 10. sept.
útfylla vottorðseyðublað á sparimerkjablaðinu, sbr. 3. gr. 3. mgr. og undirrita það.
Póstmaður lætur síðan sparimerkjablöðin í þar til gert umslag áritað til pósthjón-
arinnar og pósthjónur það samstundis bókareiganda að kostnaðarlausu.

Vextir af sparifé teljast sparifjäreiganda frá þeim degi, sem sparimerkjablað er
pósthjagt.

Bréf með sparimerkjum, samkvæmt þessari grein, sendir pósthjónin, jafnóðum
og þau berast henni, til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Sá, sem er undanþeginn skyldusparnaði, getur snúið sér til næsta pósthúss,
sem selur sparimerki, einu sinni í mánuði hverjum og fengið þar greidd spari-
merki sín.

Eftir að hafa athugað vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra, um undanþágu
frá skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og talið sparimerki bókareiganda, rífur pósthjónur
blað það eða blöð úr sparimerkjabókinni, sem eru með álimdum sparimerkjum, sem
ekki hafa verið auðkennd, sbr. 6. gr., og greiðir bókareiganda andvirði merkjanna.
Síðan ritar hann vottorð sitt um viðtöku merkjanna á stofn eða stofna bókareinnar
og útfyllir vottorðseyðublað það á sparimerkjablaði, sem um ræðir í 3. gr. 3. mgr.,
og undirritar það. Slík sparimerkjablöð skal og yfirstimpla með áletruninni:
Endurgreitt. Um sparimerkjabókarblöð með álimdum auðkenndum merkjum, fer
samkvæmt 7. gr.

Heimilt er pósthjóni að synja um greiðslu sparimerkja samkvæmt grein þessari,
ef hann telur vera um óeðlilega upphæð sparimerkja að ræða, nema fyrir liggir
vottorð hlutaðeigandi skattanefndar um sparimerkjaeignina.

Umrædd greidd sparimerkjablöð skulu síðan send pósthjóninni með mánaðar-
skilagrein, sbr. 10. gr.

9. gr.

Nú hefur blað með álimdum sparimerkjum losnað frá stofni sparimerkjabókar
og er þá pósthjóni óheimilt að veita slíku blaði móttöku.

Heimilt er Húsnæðismálastofnun ríkisins að taka gild sparimerki á slíku lausu
sparimerkjablaði, ef sönnur eða mjög sterkar líkur eru færðar fyrir því, að blaðið
hafi losnað frá stofni gegn vilja bókareiganda.

10. gr.

Pósthjónn skulu eigi síðar en 3. dag hvers mánaðar pósthjónur skilagrein til pósthjón-
arinnar um sölu sparimerkja í síðasta mánuði ásamt andvirði merkjanna. Frá
andvirði merkjanna skal draga greidd sparimerki, sbr. 8. gr., og skulu umrædd spari-
merkjablöð fylgja skilagreininni. Pósthjónin lætur gera eyðublað fyrir skilagreinar
samkvæmt grein þessari.

Frumrit af skrá um afhendingu sparimerkjabóka, sbr. 4. gr., skal fylgja skila-
greininni.

11. gr.

Pósthjónin gerir yfirlit um sölu sparimerkja í landinu í hverjum mánuði og
skal afhenda það Húsnæðismálastofnun ríkisins eigi síðan en 25. dag næsta mánaðar
á eftir. Andvirði seldra merkja svo og sparimerkjablöð greiddra merkja skal fylgja
yfirliti þessu, svo og skrár þær um afhendingu sparimerkjabóka, sem um ræðir í
10. gr. 2. mgr.

12. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins ávaxtar fé það, er henni berst samkvæmt 11. gr.,
fyrst í stað í Landsbanka Íslands (seðlabankanum), en jafnskjótt og henni berst spari-